

Ár 2017, sunnudaginn 17. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör presta og prófesta þjóðkirkjunnar

I.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 tóku gildi 1. júlí 2017 og leystu af hólmi lög um kjararáð nr. 47/2006. Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með nefndum lögum nr. 130/2016 segir að þrátt fyrir gildistöku laganna skuli ákvörðun um laun og starfskjör biskups, vígslubiskupa, prófesta og presta þjóðkirkjunnar heyra undir kjararáð þar til samkomulag hafi náðst við þjóðkirkjuna um nýtt launafyrirkomulag. Þá segir í 5. mgr. fyrrnefnds ákvæðis til bráðabirgða að málum sem tekin hafa verið til meðferðar við gildistöku laganna skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.

Kjararáð úrskurðaði hinn 13. febrúar 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör presta þjóðkirkjunnar, prófesta og vígslubiskupa. Mál það sem hér er fjallað um var tekið til meðferðar fyrir 1. júlí 2017 og fer því um málið samkvæmt lögum nr. 47/2006.

II.

Fulltrúar Prófastafélags Íslands og Prestafélags Íslands komu á fund kjararáðs 5. mars 2015. Á fundinum var lögð fram greinargerð þar sem þess var óskað að kjararáð endurskoði launakjör prófesta. Fram kemur í greinargerðinni að mjög langt sé síðan sérstakur úrskurður hafi verið kveðinn upp um laun prófesta og hafi kjararáð raunar aldrei kveðið upp slíkan úrskurð frá því það var stofnað árið 2006. Síðasti úrskurður þar sem með einhverjum hætti hafi verið kveðið sérstaklega á um laun prófesta hafi verið kveðinn upp af kjaranefnd 12. júlí 2002. Frá þeim tíma hafi orðið verulegar breytingar á störfum og starfsskyldum prófesta. Prófastsdæmum hafi verið fækkað í nokkrum áföngum um nærri helming, eða úr 16 í níu. Við þessa breytingu hafi umfang prófastsembættanna gjörbreyst og þá sérstaklega þeirra minni þar sem mest hafi verið um stórar sameiningar sem leitt hafi til þess að mörg þeirra nái nú yfir mjög víðfeðm landsvæði. Bréfinu fylgdi yfirlit yfir prófastsdæmin nú ásamt tölulegum upplýsingum um þau, svo sem fjölda sókna, presta og annarra starfsmanna auk fjölda íbúa. Einnig var gerð grein fyrir vegalengdum innan prófastsdæma og fjölda samstarfssvæða.

Í greinargerðinni segir einnig að auk þessara umfangsmiklu breytinga á prófastsdæmunum hafi sífellt fleiri verkefni verið færð til prófesta eins og glögglega megi sjá af starfsreglum um prófesta og öðrum starfsreglum um starf þjóðkirkjunnar sem tekið hafi miklum breytingum. Samkvæmt nýjum reglum kirkjunnar um samstarfssvæði ber próföstum að hafa frumkvæði að auknu samstarfi á svæðunum og sinna þar stjórnunarskyldum. Á undanförunum árum hafi verið stöðug þróun í þá átt að auka verkstjórnar-, eftirlits- og stjórnunarvald prófesta og þar með ábyrgð þeirra á starfi kirkjunnar í prófastsdæmunum. Þetta komi fram í ýmsum breytingum á starfsreglum. Sem dæmi hafi verkefni prófesta sem formanna héraðsnefndanna aukist verulega á síðustu árum eftir því sem prófastsdæmin hafi stækkað og héraðssjóðirnir styrkst og þeim verið falin fleiri verkefni. Einnig sé um að ræða verulega aukna fjárhagslega ábyrgð og í fjölmennustu prófastsdæmunum ábyrgð á störfum sérráðinna starfsmanna prófastsdæmanna. Þá hafi próföstum í síauknum mæli verið falið að fylgja eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjubings hvað varði kirkjulegt starf og sömuleiðis að skipuleggja samstarf presta í prófastsdæminu og tryggja þannig að sóknarbörn njóti þeirrar þjónustu sem þeim beri. Í þeim efnum hafi meðal annars verið settar skýrari reglur um vísitasíur prófesta og sé þeim bæði ætlað að vísitera oftast en áður og eftirlitshlutverk þeirra aukið bæði með starfi prestanna og starfi sóknarnefnda og annars starfsfólks safnaðanna og samstarfi þessara aðila. Þá beri próföstum nú einnig að annast sérstök starfsmannaviðtöl og sömuleiðis hafi þeim verið falin aukin ábyrgð við lausn deilumála og sáttaferli vegna slíkra mála. Ábyrgð prófesta gagnvart almannavarnakerfinu hafi aukist mjög með samþykkt Viðbragðaáætlunar kirkjunnar á árinu 2006 og þeim samningum gagnvart almannavarnakerfinu í landinu sem henni tengjast. Prófastar skipuleggi bakvaktir presta og séu ábyrgir fyrir vaksímum prófastsdæmanna gagnvart almannavarnakerfinu og Neyðarlínunni ehf. og beri ábyrgð á gerð og framkvæmd viðbragðaáætlana prófastsdæmanna.

Í greinargerð prófaste segir að í ljósi þessara breytinga og stöðugt aukins umfangs starfsins sem af þeim leiði fari Prófastafélag Íslands fram á að launakjör prófaste verði endurmetin og að við það mat komi það betur fram að prófastsembættið sé í raun orðið sjálfstætt embætti með margvíslegum starfsskyldum umfram sóknarpresta og aðra presta.

Með bréfum dagsettu 24. mars 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, biskupsstofu og Prestafélagi Íslands kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Með bréfum dagsettu sama dag var próföstum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 7. maí 2015. Í bréfinu segir að í úrskurði kjaranefndar um laun prófaste sé gerður greinarmunur á einingum prófaste eftir stærð og eðli prófastsdæma. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurmeta eigi launakjör prófaste.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 8. apríl 2015. Í því segir að ráðuneytið hyggist ekki leggja fram greinargerð en bendir á biskupsstofu vegna erindisins.

Biskupsstofa sendi kjararáði bréf dagsett 14. apríl 2015. Í bréfinu segir að með hliðsjón af ósk og greinargerð Prófastafélagsins vilji biskupsstofa undirstrika að fækkun prófastsdæma í kjölfar endurskipulagningar þeirra hafi haft í för með sér umfangsmeiri verkefni og þar með aukið vinnuálag hjá próföstum. Sú breyting önnur sem hafi átt sér stað undanfarin ár hvað verkefni prófaste varði og starfsreglur um prófaste nr. 966/2006 kveði á um, geri ráð fyrir að þeir sinni fjölbættum og tímafrekum verkefnum sem falli misvel að prestsþjónustunni sem þeir allir sinni jafnhliða. Á grundvelli þessa megi því taka undir það sjónarmið Prófastafélagsins að prófastsembættið sé að próast í þá átt að verða sjálfstætt embætti vegna margvíslegra skyldna sem prófaste hafa umfram sóknarpresta og aðra presta og æskilegt að grunnlaun prófaste taki í auknum mæli mið af því. Biskupsstofa telji því tímabært að endurskoða launakjör prófaste með tilliti til þeirra breytinga sem lýst hafi verið að framan.

Prestafélag Íslands sendi kjararáði bréf dagsett 4. júní 2015. Þar segir að félagið styðji kröfur prófaste um endurskoðun launakjara. Helstu rökin fyrir því séu að auknar skyldur hafi verið lagðar á prófaste á síðustu árum með starfsreglum frá kirkjuþingi og breyttu skipulagi í stjórn þjóðkirkjunnar. Í þeim efnunum hafi hvað mest áhrif að öll umdæmi prófaste utan Suðvesturlands hafi stækkað landfræðilega og próföstum hafi fækkað úr 16 í níu á fáum árum.

Kjararáði bárust bréf frá tveimur próföstum í mars 2015. Í bréfunum er tekið undir sjónarmið Prófastafélagsins um endurmat launakjara. Fram kemur að umfang þjónustunnar og vinnuálag hafi aukist til muna.

Með bréfi dagsettu 10. júlí 2015 fengu prófaste send framangreind svör ráðuneytanna, biskupsstofu og Prestafélags Íslands til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Kjararáði bárust bréf frá fimm próföstum í júlí, ágúst og september 2015. Í bréfunum eru ekki gerðar athugasemdir við síðast nefnd bréf en fyrri sjónarmið um endurskoðun launa ítrekuð.

Stjórn Prestafélags Íslands kom á fund kjararáðs 28. maí 2016 og reifaði hugmyndir félagsins um breytingar á launum presta. Í kjölfarið barst kjararáði bréf frá félaginu dagsett 8. júní 2016 ásamt greinargerð og samantekt á ákvæðum laga, reglugerða og starfsreglna er varða presta, stöðu þeirra og starfsvettvang. Í bréfinu óskar Prestafélagið eftir því að kjararáð felli nýjan sérúrskurð um laun og önnur kjör presta sem undir ráðið heyra. Síðasti sérúrskurður um presta hafi verið úrskurður kjaranefndar í október 2005. Í bréfinu segir jafnframt að kjör presta hafi ekki fylgt fyrri viðmiðunum við aðra embættismenn sem undir ráðið heyri. Þá kemur fram að vegna hagræðingarkröfu ríkisins á hendur þjóðkirkjunni eftir 2008 hafi prestum fækkað, embætti hafi ekki verið auglýst, mörgum safnaðarráðnum prestum og djáknum hafi verið sagt upp og prestaköll og prófastsdæmi hafi víða verið sameinuð. Þetta og margt annað í þjónustu presta hafi eðlilega aukið álag og umfang þjónustunnar. Þannig hafi álag og ábyrgð í starfi aukist í almennri þjónustu, sálgæslu, samstarfi og vaktþjónustu við íbúa landsins. Einnig hafi frá árinu 2005 ýmislegt breyst í lagaumhverfi presta og í starfsreglum. Í greinargerð sem bréfinu fylgdi er gerð grein fyrir tillögum félagsins um breytta tilhögun við ákvörðun launa presta. Markmið tillagnanna sé að meta prestsstarfið eftir nýjum leiðum og flokka embætti

presta betur eftir umfangi. Þannig megi til dæmis taka mið af íbúafjölda í prestakalli en einnig fjölda sóknarkirkna.

Í greinargerðinni segir að í þjónustu allra presta samkvæmt vígslubrési, lögum og starfsreglum sem um embættið gilda felist megnið af hinni eiginlegu grunnþjónustu presta við helgihald á helgum og hátíðum, við sálgæslu, fræðslu, barna-, æskulýðs- og eldri borgarastarf, prestsþjónustu við heilbrigðisstofnanir og skóla, áfallahjálp, teymisvinnu, hópastarf, vaktþjónustu, almenna þjónustu á hátíðum, helgum og almennum frídögum, æfingar í söng og undirbúning predikunar, afleysingu við nágrannapresta og viðveru, meðal annars á viðtalstímum og samráðsfundum, auk funda með starfsfólki, organistum, sóknarnefndum, prófasti, vígslubiskupi og biskupi. Jafnframt segir að í embættum presta séu mismunandi aðstæður. Megi þar nefna íbúafjölda, landfræðilega legu prestakalla, skipan sókna, launað og ólaunað starfsfólk safnaða, félagslegar aðstæður, atvinnuhætti, samgöngur, samfélagsgerð, heilbrigðisstofnanir, skóla, sambylí og aðrar stofnanir og félög. Auk þess sé aðgengi að sérfræðiaðstoð fyrir íbúa mismunandi og ráði það oft eðli þeirrar þjónustu sem prestar veiti á sviði sálgæslu, félagslegra úrræða, samtala, ráðgjafar og sátta. Gengið sé út frá því að í innra skipulagi kirkjunnar sé litið til allra þessara þátta svo sóknarbörn og allir íbúar landsins njóti þjónustu þjóðkirkjunnar í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum stað. Í bréfi Prestafélagsins er einnig fjallað um launakjör og starfsumhverfi prófaste, vígslubiskupa og biskups Íslands og vísað til fyrri erinda til kjararáðs þess efnis.

Með bréfum dagsettu 21. júlí 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti og biskupsstofu kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Með bréfum dagsettu sama dag var prestum, próföstum og biskupum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 24. ágúst 2016. Í bréfinu segir að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurmeta eigi launakjör presta.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 29. ágúst 2016. Í því segir að ráðuneytið telji rétt að kjararáð skoði launakjör presta á sama tíma og laun biskups og vígslubiskups og þá einnig hvort þau séu í samræmi við laun annarra embættismanna sem gegni sambærilegri stöðu og ábyrgð.

Biskupsstofa sendi kjararáði bréf dagsett 5. september 2016. Í bréfinu kemur fram að biskup Íslands styðji óskir félagsins um að embættisskyldur presta séu metnar á sanngjarnan hátt til launa og að launakjör presta séu ætíð samkeppnishæf. Mismunandi leiðir séu færar í þeim efnunum, til dæmis að innleiða mismunandi grunnlaunaflokkun. Fram til þessa hafi allir prestar notið sömu grunnlauna en mismunandi einingafjölda, allt eftir umfangi þjónustunnar sem embættin eigi að standa fyrir.

Kjararáði bárust bréf frá allnokkrum prestum, próföstum og biskupum í ágúst 2016. Í bréfunum er tekið undir sjónarmið Prestafélagsins um endurmat launakjara en fram koma skiptar skoðanir um tillögur félagsins um mat á því hvernig flokka beri prestsembættin. Meðal þess sem fram kemur í bréfunum er að aðstæður séu misjafnar í prestaköllum og nauðsynlegt að tekið sé tillit til þess í launum.

Með bréfum dagsettu 15. nóvember 2016 fengu prestar, prófastar og biskupar send framangreind svör ráðuneytanna og biskupsstofu til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Nokkrir prestar sendu kjararáði bréf af þessu tilefni í nóvember og desember 2016 þar sem sjónarmið þeirra um endurmat launakjara voru ítrekuð.

Prestafélag Íslands sendi kjararáði bréf dagsett 30. nóvember 2016. Í bréfinu er lögð áhersla á þá ósk félagsins að við mat á umfangi embættanna verði tekið tillit til nokkurra þátta sem hafi mikil áhrif, svo sem mannfjölda í prestakalli og fjölda sókna. Margt annað geti einnig komið til greina við mat á álagi og nægi að nefna aðstæður þar sem sé að finna misraunhæfa möguleika á afleysingu, samstarfi, þverfaglegri teymisvinnu og skipulagi bakvakta. Fjöldi starfsmanna sem sóknarprestur stýri sé oftast í samræmi við íbúafjölda. Við mat á umfangi embættanna þurfi einnig að hafa í huga að í öllum prestsembættum felist sami grunnur að þjónustu sem einna best sé lýst í vígslubrési presta og erindisbréfi og í lögum, reglugerðum, starfsreglum og samþykktum um prestsþjónustu. Í bréfinu segir

jafnframt að samkvæmt vígsluheit prests, samantekt á lögum og reglum sem gildi um störf þeirra og öðrum þáttum sem hafi áhrif á stöðu þeirra sem þjónandi presta þjóðkirkjunnar verði staða þeirra almennt að teljast sérstök meðal embættismanna. Nægi þar að nefna skyldu til að þjóna hverjum sem leiti til prestsins á hvaða tíma sem er í samræmi við vígsluheit hans. Þá er áréttuð sú sérstaða prestsins að hann er jafnan með fólki á stórum stundum í lífi einstaklinga, fjölskyldu eða hópa og beri að veita þá þjónustu af yfirvegum og færni og í samræmi við jafnræðisreglu, réttlæti og virðingu fyrir manngildinu óháð trúarskoðunum eða þjóðfélagsstöðu. Að baki þjónustunni liggi einnig sú rækt sem prestur þurfi að leggja í menntun sína, endurmenntun og starfsþjálfun á sviði sálgæslu og í öðrum kennimannlegum greinum. Prestur veiti ekki þjónustu sína eingöngu með daglegum og skipulögðum þáttum í starfi sínu heldur beri honum að vera til staðar á öllum tímum. Einnig felist í vígsluheit hans og siðareglum að ætlast er til þess að hann gæti að hlutverki sínu í því samfélagi sem hann tilheyrir. Þá vilji félagið benda á að þessar kröfur sem móta þjónustu prestsins í hverju samfélagi verði að teljast eðlilegar og í samræmi við þá hefð sem um það hafi skapast á liðnum öldum. Þessar kröfur séu þó enn meiri þegar komi að þeim embættum sem feli í sér tilsjón með prestum og allri kirkjulegri þjónustu í landinu, samanber embætti biskups Íslands og að því marki sem hann feli vígslubiskupum og próföstum að annast um ákveðna framkvæmd þessarar tilsjónar, ábyrgðar og stjórnunar. Þess vegna sé lögð áhersla á að launakjör verði metin að nýju og styðji stjórnin á allan hátt það sem fram komi í greinargerðum biskups Íslands og prófata.

Stjórn Prestafélags Íslands kom á fund kjararáðs 10. febrúar 2017 og fylgdi eftir erindi sínu. Formaður félagsins kom einnig á fund ráðsins 27. september 2017.

III.

Í 62. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum.

Biskup Íslands skipar í embætti sóknarprest sem og í önnur prestsembætti. Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubrési og eftir því sem reglur og venjur segja til um. Í fjölmönnum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forystu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi. Biskupi er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Ráðningartími þeirra skal vera fimm ár í senn. Héraðsprestur þjónar með prófasti og prestum í prófastsdæmum undir tilsjón prófasts. Þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans. Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi presta þjóðkirkjunnar. Nánari ákvæði um sérþjónustupresta skal setja í almennar starfsreglur.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru 25 ára aldur og embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda. Biskup Íslands getur veitt undanþágu frá aldursskilyrðinu. Þá er það skilyrði að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafi hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum. Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nánari skilyrði um val á sóknarpresti og presti, meðal annars um skilyrði til almennra kosninga, skal setja í starfsreglur. Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprest eða prests sem hlotið hefur bindandi val eða kosningu, samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum. Embætti sóknarprests og prests skal veitt til fimm ára í senn. Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundi og er hún því aðeins gild að hún komi fram að minnsta kosti átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans.

Biskup gefur út erindisbréf fyrir hvern prest þjóðkirkjunnar þar sem lýst er almennum og sérstökum starfsskyldum prestsins. Biskup getur ákveðið að tilteknu prestsembætti fylgi sérstakar viðbótarskyldur.

Sóknarpresti er skylt að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu. Nú er prestssetur í prestakalli og er þá presti skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu sett í starfsreglur, sbr. nú starfsreglur um presta nr. 1110/2011. Í þeim segir að prestsembættið skiptist í starf sóknarprests, héraðsprests, sérþjónustuprests og prests. Jafnframt segir að sú skipting sé byggð á lögum og starfsreglum kirkjunnar og varði einungis starfssvið og ábyrgð. Í starfsreglunum er gerð grein fyrir helstu skyldum sem prestsembætti fylgja. Í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar er gerð grein fyrir helstu þáttum í helgihaldi þjóðkirkjunnar sem er opinbert og öllum opið og ber sóknarprestur ábyrgð á helgihaldinu. Í samþykktunum eru einnig ákvæði um messuskyldu, fyrirmæli um predikunina sem og ábyrgð prestsins á predikuninni.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall. Samkvæmt starfsreglum um presta er starfsvettvangur sóknarprests sókn eða sóknir prestakallsins. Í hverju prestakalli skal vera sóknarprestur. Biskupi er heimilt að skipa annan prest til starfa í fjölmönnum prestaköllum eða þar sem aðstæður gefa tilefni til.

Sóknarprestur er hirðir og leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið sóknarnefndar. Sóknarprestur og prestur eru samstarfsmenn í sóknum prestakallsins og ber að haga þjónustu sinni og samstarfi í samræmi við það. Báðir lúta þeir tilsjón prófasts og biskups. Sóknarprestur er í fyrirsvari um kirkjulegt starf í sóknum prestakallsins og hefur forystu um mótun þess og skipulag. Í fyrirsvari og forystu sóknarprests felst ekki stjórnunarvald eða boðvald yfir presti. Sóknarprestur ber ábyrgð á færslu embættisbóka prestakallsins og skil á skýrslum um embættisverk til biskupsstofu og Þjóðskrár. Hann skal taka þátt í gerð starfs-, rekstrar- og fjárhagsáætlana sóknar samkvæmt starfsreglum þar um. Sóknarprestur skal í samráði við sóknarnefnd taka ákvörðun um hvernig afnotum af kirkju er hátað, sbr. starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili og samþykktir um innri mál kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram. Sóknarprestar og prestar sem sitja prestssetur skulu gæta hagsmuna þess í samstarfi við þá er stýra málefnum prestssetra. Sóknarprestum og prestum ber að láta í té þá aukþjónustu í prófastsdæminu sem ákveðin er og leysa af á vikulegum frídegi grannprests. Sóknarprestum og prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón prófasts. Samstarf presta skal samkvæmt þessu meðal annars lúta að afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta svo og þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir samstarfssvæði og prófastsdæmi í heild. Sóknarpresti og presti er skylt að taka að sér aukþjónustu eða annast tiltekin verkefni og þjónustu utan prestakalls síns samkvæmt boði biskups. Sóknarprestur og prestur skulu sitja sóknarnefndarfundir, starfsmannafundi, héraðsfundi og fundir er biskup og prófastur boða til, nema forföll hamli eða nauðsyn banni.

Biskup Íslands útnefni prófasta úr hópi presta. Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar. Biskup getur útnefnt prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd. Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til tveggja ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs. Fjallað er um héraðsfundi og héraðsnefndir í starfsreglum nr. 965/2006.

Nánari reglur um prófasta og störf þeirra eru í starfsreglum nr. 966/2006. Þar segir meðal annars að prófastur sé, sem fulltrúi biskups í prófastsdæminu, leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess gagnvart

stjórnavöldum, stofnunum og einstaklingum. Prófastar sjá til þess, í umboði biskups, að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu. Hann annast um viðveruskyldu og skipulag bakvakta, meðal annars í ljósi viðbragðaáætlunar kirkjunnar við hópþlysum. Prófastur sér til þess að vígðir þjónar kirkjunnar í prófastsdæminu njóti tilskilinna réttinda svo sem til orlofs og námsleyfa. Hann beitir sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsmenn safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar. Skal hann hafa samráð við önnur prófastsdæmi um námskeiðahald ef henta þykir.

Prófastur stýrir samstarfi presta um kirkjulega þjónustu í prófastsdæminu, meðal annars þjónustu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra. Hann annast um skiptingu starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli og sér til þess að samið sé um það skriflega. Þá fer prófastur, ásamt biskupi, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og sinnir öðrum skyldum samkvæmt þeim lögum.

Prófastur vísiterar prestaköll, söfnuði, kirkjur, kapellur og kirkjugarða reglubundið. Hann heldur vísitasubók sem varðveitir kirkjulýsingar og munaskrá og sendir biskupi endurrit úr henni að lokinni vísitasíu sem og fundargerðir. Prófastur skal annast sáttaumleitanir innan prófastsdæmis þegar embættismönnum, trúnaðarmönnum eða starfsmönnum, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli. Hann skal ljúka sáttaumleitan sinni að jafnaði innan tveggja vikna enda sé mál hvorki á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma né til meðferðar fyrir dómstólum. Prófastur skal skila vígslubiskupi skriflegu álitu ef sættir takast ekki. Prófastur skal hafa eftirlit með því að prestar skili embættisskýrslum til Þjóðskrár. Þá ber prófasti að annast um að biskupi Íslands berist árlega skýrslur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins. Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun presta og prófaste þjóðkirkjunnar en kjaranefnd ákvað þeim síðast laun 18. október 2005. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar röðuðust allir prestar í sama launaflokk og fjöldi eininga tók mið af fjölda sóknarbarna í prestakalli. Því til viðbótar hafa sóknarprestar haft fleiri einingar vegna sameiningar prestakalla eða vegna fjölda sóknarbarna þegar þeir starfa einir í prestakalli. Auk eininga sem prestar, hafa prófastar fengið greiddar einingar fyrir prófastsstörf. Þá hafa þeir raðast hærrí í launaflokk en prestar. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra ber prestum þóknun fyrir aukaverk í samræmi við gjaldskrá er dómsmálaráðuneytið setur til 10 ára í senn, nú gjaldskrá nr. 729/2014 með síðari breytingum.

Hér að framan er starfsumhverfi og verkefnum presta og prófaste lýst og gerð grein fyrir helstu lögum og reglum sem þeir starfa eftir. Af þeim má sjá að á öllum prestsembættum hvíla sams konar skyldur og kröfur um þjónustu. Ljóst er þó að umfang starfa presta er mismunandi og aðstæður í embættum presta ólíkar. Þar hafa meðal annars áhrif íbúafjöldi, landfræðileg lega og fjöldi sókna í prestakalli. Nefna má að fjölmennasta prestakallið á höfuðborgarsvæðinu telur tæplega 18.000 íbúa og það fámennasta á landsbyggðinni liðlega 330 íbúa. Í fámennari prestaköllum eru gjarnan fleiri sóknir,

ekki síst í kjölfar sameiningar prestakalla á síðustu árum. Einnig hefur komið fram að umdæmi prófastsembætta hafa stækkað auk þess sem ný verkefni hafa verið færð til prófata.

Með vísan til framangreinds hefur kjararáð ákveðið að breyta tilhögun launaákvörðunar fyrir presta. Markmiðið með nýrri ákvörðun er að flokka prestsembættin betur eftir stærð þeirra og umfangi þjónustunnar. Höfð er hliðsjón af fjölda íbúa og fjölda sókna í prestakalli. Einnig er horft til sérstakra starfsskyldna sóknarpresta og prófata samkvæmt lögum og reglum. Sú breyting sem gerð er á launum presta og prófata nú leiðir til þess að heildarlaun einstakra presta og prófata breytast mismikið og örfárar ekkert, en enginn prestur lækkar í launum.

Með hliðsjón af framansögðu og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör presta og prófata þjóðkirkjunnar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2017 skulu laun og starfskjör presta og prófata þjóðkirkjunnar vera þessi:

Greiða skal prestum mánaðarlaun og einingar sem hér segir:

	Launa- tafla	Launa- flokkur	Mánaðar- laun	Einingar presta
Prestur í prestakalli með færri en 1000 íbúa	502	127	709.736 kr.	6
Prestur í prestakalli með 1000-2999 íbúa	502	128	733.613 kr.	8
Prestur í prestakalli með 3000-5999 íbúa	502	129	758.325 kr.	10
Prestur í prestakalli með 6000-9999 íbúa	502	130	783.901 kr.	12
Prestur í prestakalli með 10.000 íbúa eða fleiri	502	131	810.373 kr.	14

Vegna sérstakra starfsskyldna skal greiða sóknarprestum aukalega einingar sem hér segir:

	Einingar sóknarpresta
Sóknarprestur í prestakalli með færri en 1000 íbúa	6
Sóknarprestur í prestakalli með 1000-2999 íbúa	8
Sóknarprestur í prestakalli með 3000-5999 íbúa	10
Sóknarprestur í prestakalli með 6000-9999 íbúa	12
Sóknarprestur í prestakalli með 10.000 íbúa eða fleiri	14

Greiða skal presti 2 einingar á mánuði fyrir hverja sókn í prestakalli umfram eina enda sé íbúafjöldi sóknarinnar fimmtíu manns eða fleiri. Aldrei skal þó greiða fleiri en 12 einingar vegna þessa.

Leiði ofangreindar breytingar til þess að heildarlaun einstakra presta lækki við gildistöku úrskurðarins skal greiða þeim einingar til að bæta það upp á meðan þeir gegna viðkomandi embætti. Láti presturinn af störfum í prestakallinu falla þessar viðbótareiningar niður.

Mánaðarlaun og fjöldi eininga miðast við íbúafjölda og fjölda sókna í prestakalli 1. desember ár hvert. Byggt er á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Biskupsstofa hefur umsjón með samantekt á íbúafjölda og fjölda sókna samkvæmt framangreindu og annast röðun í flokka í samræmi við úrskurð þennan sem og starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði eins og þær eru hverju sinni. Breytingar á launum sem leiða af breytingum á íbúafjölda og fjölda sókna taka gildi 1. mars næsta ár þar á eftir.

Mánaðarlaun héraðspresta og sérþjónustupresta skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 129, nú 758.325 krónur. Að auki skal greiða þeim 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun prófaste í Reykjavíkprófaste dæmi vestra, Reykjavíkprófaste dæmi eystra og Kjalarnessprófaste dæmi skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða þeim 12 einingar á mánuði fyrir prófaste störfín.

Mánaðarlaun annarra prófaste skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, nú 895.478 krónur. Að auki skal greiða próföstum í Suðurprófaste dæmi og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófaste dæmi 10 einingar á mánuði fyrir prófaste störfín, og próföstum í Vesturlandsprófaste dæmi, Vestfjarðaprófaste dæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarprófaste dæmi og Austurlandsprófaste dæmi 8 einingar á mánuði fyrir prófaste störfín.

Prófasteur sem hefur umsjón með sérþjónustunni og starfi kirkjunnar erlendis skal fá greiddar 6 einingar á mánuði sérstaklega.

Að auki skulu prófaste far greiddar einingar sem prestar og sóknarprestar, þar með taldar einingar vegna fjölda sókna umfram eina, eftir því sem við á.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Prestur sem hefur starfað í þjónustu kirkjunnar í 5 ár eða lengur og er settur eða skipaður til starfs sem gerir kröfu til þess að hann flytji milli landshluta, á rétt á greiðslu fargjalda sinna, maka síns og barna og hæfilegs flutningskostnaðar búslóðar úr ríkissjóði. Réttur til slíkrar greiðslu vaknar að nýju 5 árum eftir að síðast var flutt. Sama rétt til greiðslu eiga prestar er þeir flytjast í brauð sem þeir eru settir eða skipaðir til í fyrsta sinn, svo og prestar sem flytjast búferlum eftir að hafa gegnt þjónustu í 10 ár eða lengur og láta af embætti fyrir aldurs sakir eða vegna veikinda.

Að öðru leyti gilda um almenn starfskjör presta og prófaste þjóðkirkjunnar reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 með þeim frávikum sem hér greinir:

Ríkissjóður greiðir 1,5% af mánaðarlaunum í Vísindasjóð Prestafélags Íslands.

Ríkissjóður greiðir 0,22% af launum í Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna (BHM) og 0,7% í Starfsþróunarsetur BHM.

Ríkissjóður greiðir 0,25% af launum í orlofssjóð BHM.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber